



HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

FYRIRHUGUÐ BREYTING Á AÐALSKIPULAGI
OG GERÐ DEILISKIPULAGS

Vakin er athygli á því að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt að kynna skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna verslunar og þjónustusvæðis við Hveri austan Námafjalls skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhuguð er uppbygging þjónustubygginga og frágangur áningarstaðar við Hveri austan Námaskarðs í Mývatnssveit. Ekki er gert ráð fyrir ferðaþjónustu á svæðinu í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Gerð skipulags er forsenda uppbyggingar á svæðinu. Skipulagsvinnan verður unnin á tveim skipulagsstigum þar sem annars vegar þarf að breyta aðalskipulagi og hins vegar vinna deiliskipulag svæðisins.

Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við deiliskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli og kynning og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsingin munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps til og með þriðjudeginum 8. október 2013. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www//myv.is> undir /Stjórnsýslan/Skipulags- og byggingarmál/Deiliskipulag/ Tillögur í auglýsingu. Þeim sem vilja gera athugasemdir við skipulagslýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn kostur á að koma þeim á framfæri við skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is.

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

38. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 2. okt. 2013

Afmælisbörn dagana 3. okt. — 9. okt. 2013

3. Anna Dóra Snæbjörnsdóttir.
5. Ingibjörg Björnsdóttir, Þórdís Guðfinna Jónsdóttir.
9. Ingibjörg Ragna Hjartardóttir.

Samkaup strax

Frá og með 1. okt. er opið
mánudaga til laugardaga frá kl. 10:00 til 18:00.
Sunnudaga er opið frá kl. 12:00 til 18:00.

Samkaup Strax Reykjahlíð Mývatnssveit.



Samverustund eldri Mývetninga á vegum Skútustaðahrepps.



Fyrsta stund vetrarins verður miðvikudaginn 9. október í Reykjahlíðarskóla.

Starfið verður með svipuðu sniði og í fyrra,

hist verður í íþróttahúsinu kl. 11:30.

Samverustundin í skólanum hefst svo kl. 13:00.

Þeir sem vilja borða þar vinsamlega látið Arnfríði í síma 464 4201

eða Sigrúnu í síma 464 4395 vita fyrir kl. 12:00 á þriðjudag.

Sveitarstjóri

Hvað tefur þig bróðir?

Málþing um Jakobínu Sigurðardóttur

Skjólbrekku, Mývatnssveit
Laugardaginn 5. október kl. 13

Aðgangur ókeypis

Hægt verður að kaupa léttan hádegisverð á Sel-Hótel Mývatni áður en dagskrá hefst.

Í hléi verða kaffiveitingar til sölu í Skjólbrekku. -Ath! Ekki posi.

Sameiginlegur kvöldverður fyrir málþingsgesti verður á Sel - Hótel Mývatni um kvöldið.
Skráning í síma 8681860
eða astakben@gmail.com.



Erindi flytja:

Erna Erlingsdóttir:

-*Höfundur á skökkum stað? Jakobína og bókmenntasagan*

Sigurjón Jóhannesson:

-*Konan að baki kvæðumum*

Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir:

-*„...hitað af mæðranna glóð“*

Ásta Kristín Benediktsdóttir:

-*Langsjal eða loðkápa? Um frásagnaraðferð í verkum Jakobínu*

Tónlistarhópurinn Aurora Borealis flytur tónlist eftir Ingibjörgu Guðlaugsdóttur við ljóð Jakobínu.

Jenný Lára Arnórsdóttir leikari leikles upp úr verkum skáldkonunnar.



Menningsráðgjöf þingeystra kvenna



HSP vantar aðstoð Þingeyinga!



Á næsta ári stendur til að halda upp á **aldar-afmæli** Héraðssambands Þingeyinga, með ýmsum hætti.

Árið 2009 sameinuðust gömlu íþróttasamböndin tvö í Þingeyjarsýslum, Héraðssamband **Suður**-Þingeyinga, HSP og Ungmennasamband **norður**-Þingeyinga, UNP.

Stofnár þess eldra, árið 1914, ræður stofnári núverandi héraðssambands. Starfssvæði HSP í dag nær því allt frá Grenivík í vestri til Bakkafjarðar í austri. Í tilefni aldar-afmælisins verður unnið í vetur m.a. við að taka saman sögu HSP og UNP, í máli og myndum, en einnig undirbúa minja-sýningu.

Þess vegna leitum við til þín, kæri Þingeyingur hvar sem þú býrð, til þess að finna eitthvað gamalt og gott, eiginlega hvað sem er sem tengist gömlu héraðssamböndunum HSP eða UNP.

Sérstaklega er þó óskað eftir efni, upplýsingum og gögnum frá starfi UNP, t.d. ársskýrslum, fundargerðum, minnisblöðum, gripum, búningum, EF eitthvað finnst í skúffum eða í geymslu á háaloftinu eða í kjallaranum – endilega hafið þá samband við starfsmann HSP, Elínu Sigurborgu í síma 896 3107, eða komið við á skrifstofunni á miðvikudegi milli kl. 08:30 – 15:30.

Lumar þú á ástarsögu?

Ég er að fara að búa til leiksýningu sem mun byggjast á alvöru ástarsögum Þingeyinga í gegnum árin og er að leita að fallegum, venjulegum, átakanlegum, endalausum, yndislegum ástarsögum sem allar hafa það sameiginlegt að hafa endað vel.

Er að leita að viðmælendum, á öllum aldri, sem vilja deila með mér sinni sögu, sem ég mun svo nýta í handritið. Svo ef þú lumar á sögu, eða veist um einhvern sem lumar á góðri sögu í nágrenninu, máttu endilega hafa samband á hrafnstjarna@gmail.com fyrir 6. október.

F.h. Hrafnstjörnu - Jenný Lára Arnórsdóttir.



Frá Söngfélaginu Sálubót.

Kórinn byrjar vetrarstarfið 8. okt. kl 20:30.
Kóræfingar verða í Stórutjarnaskóla einu sinni í viku, á þriðjudagskvöldum kl. 20:30.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flest og nýir félagar eru hjartanlega velkomnir.

Við hlökkum til að sjá ykkur og eiga með ykkur gefandi söngstundir í vetur. Eins og við vitum er söngur sálubót.

Stjórnin.

